

Vinnuslys

Forvarnir, tilkynning og skráning

Fræðslu og leiðbeiningarit nr. 30



VINNUEFTIRLITIÐ

Inngangur

Það eru sjálfsgöð mannréttindi að vinnuaðstæður og vinnuumhverfi séu þannig að starfsmenn séu öruggir um heilsu sína og verði ekki fyrir slysum. Það er eðlileg krafa að starfsmenn komi heim úr vinnu jafn vel á sig komnir eða jafnvel betur en þegar þeir fóru til vinnu. Stjórnendur vinnustaða bera meginábyrgð á að vinnuskipulag og vinnuaðstæður séu þannig að starfsmenn verði ekki fyrir slysum. Allir starfsmenn verða að bera ábyrgð á sjálfum sér og öðrum sem gætu verið í hættu. Reynslan sýnir að starfsmenn sem hegða sér á ábyrgan hátt í vinnunni gera það einnig utan vinnu.

Hvað er vinnuslys, óhapp og næstum slys?

Vinnuslys er skyndilegur, óvæntur atburður á vinnustað sem veldur líkamstjóni eins eða fleiri einstaklinga.


Óhapp er skyndilegur óvæntur atburður sem veldur eignatjóni eða rekstrartruflun en veldur ekki líkamstjóni.

Með **næstum slysi** er átt við atburð sem valdið gæti slysi. Næstum slys eru kölluð ýmislegt, t.d. atvik, frávik, hættutilvik eða slysatilfni.


Hvað kosta vinnuslys?

Um 4% vinnandi fólks verða fyrir vinnuslysum árlega með ómældum sársauka og kostnaði fyrir einstaklingana og samfélagið. Skipta má kostnaði vegna vinnuslysa í þrennt; kostnað starfsmanna, fyrirtækja og samfélagsins. Dæmi um kostnað vegna vinnuslysa:


1. **Starfsmenn:** Líkamlegar, andlegar og félagslegar þjáningar. Tekjur og aflageta fjölskyldu slasaða minnkar. Endurmenntun og flutningar.
2. **Fyrirtæki:** Tapaður vinnutími slasaða, stjórnenda og samstarfsmanna. Viðgerðir á húsnæði, vélum og tækjum. Minnkuð framleiðni og framleiðsla. Kostnaður við að finna og þjálfa afleysingafólk. Ímynd fyrirtækisins bíður skaða.
3. **Samfélagið:** Dýrari rekstur heilbrigðisþjónustu, almannaþrygginga og lífeyrissjóða. Minni skatttekjur.



Vinnuslys




Óhapp



Næstum slys

Orsakir vinnuslysa

Orsakir vinnuslysa eru oftast margþættar. Við forvarnir skiptir miklu að horfa til allra þeirra atriða og aðstæðna sem geta valdið slysi. Skipta má áhættuþáttum vinnuslysa í þrjá meginflokkka, þ.e. það sem snýr að tækni og umhverfi, skipulagi og stjórnun, og einstaklingnum.



Hættusvæði lokað af

Helstu áhættuþættir vinnuslysa

1. Tækni og umhverfi

- **Hönnun vinnustaðarins**, breytingar geta skapað nýjar hættur
- **Ástand véla og tækja**, bilanir og ófullnægjandi öryggisráðstafanir skapa hættu
- **Hávaði** kemur í veg fyrir eðlileg samskipti og að fólk heyri viðvörunarhljóð
- **Lýsing** skiptir miklu máli svo menn greini hættur
- **Umgengni og þrif**, það fækkar slysum að setja hlutina á sinn stað og þrifa

2. Skipulag og stjórnun

- **Einhæfni**, síendurteknar hreyfingar skapa þreytu og geta leitt til vinnuslysa
- **Vinnuhraði** fjölga slysum. Vinnuslys eru algeng við **rekstrartruflanir** og viðhald
- **Vinnutími**, of langur vinnutími og ónóg hvíld eykur hættu á vinnuslysum
- **Starfsþjálfun**, skortur á nýliðaþjálfun og þekkingu eykur hættu á slysum
- **Launafyrirkomulag** má ekki hvetja til óvarkárni. Vinnuslys eru algengari þar sem unnið er eftir afkastahvetjandi launakerfi
- **Tungumála- og samskiptavandamál** fjölga slysum, þekkt er að útlendingar slasast oftar en aðrir

3. Einstaklingsþættir

- **Kyn**, karlar slasast oftar en konur
- **Aldur**, yngri og eldri fólk slasast oftar en aðrir
- **Starfsreynsla og menntun**, ófaglærðir og nýir starfsmenn eru í mestri hættu

Markvisst vinnuverndarstarf, góður vinnuandi, stuðningur og vinsamleg samskipti stuðla að öryggishegðun og fækka vinnuslysum.

Áhættumat

Allir vinnustaðir eiga að gera áhættumat. Fara á kerfisbundið yfir vinnustaðinn og vinnuskipulagið til að greina og meta hættur með tilliti til öryggis og heilsu. Í framhaldinu á svo að gera tímasetta áætlun um úrbætur. Best er að fjarlægja hættuna en ef það er ekki hægt þarf að draga úr henni, t.d. með breyttu verklagi eða viðeigandi persónuhlífum.

Forvarnir – mikilvæg atriði

- 1. Góð yfirsýn.** Vinnustaðurinn á að vera opinn, bjartur og hreinn. Því betur sem starfsmenn sjá í kringum sig og aðrir sjá þá, því færri vinnuslys verða. **Skipulag** þarf að vera gott og **umferðarleiðir** þurfa að vera greinilega merktar. **Merkingar, skilti** og **viðvörðunarljós** þurfa að vera eins auðskilin og kostur er.
- 2. Öryggisbúnaður. Viðeigandi hlífar** eiga að vera á hlutum sem t.d. hreyfast, eru heitir, kaldir eða oddhvassir. **Neyðarrofur** þurfa að vera aðgengilegir og prófaðir reglulega. Með öllum vélum, tækjum og búnaði eiga að fylgja **notkunarleiðbeiningar** á íslensku til að tryggja örugga notkun. Aðgengi að neyðarbúnaði þarf að vera í lagi, t.d. að sjúkrakassa og slökkvitækjum. Nota skal viðeigandi **persónuhlífar** þegar ekki er hægt að fjarlægja hættur.
- 3. Vinnufélagar.** Markviss **fræðsla og staðgóð þekking** skiptir máli, reynslan sýnir að **nýliðar** slasast oftar en reyndir starfsmenn. **Samskipti** um vinnuverndarmál þurfa að vera mikil og opin. Á vinnustöðum þar sem vinnuandinn er góður eru slys fátíðari en annars staðar. Allir starfsmenn ættu að kunna **skyndihjálp** og rifja hana reglulega upp.
- 4. Heilsa starfsmanna og lífsstíll.** Reynslan sýnir að **ungir karlar** slasast oftar en aðrir. **Stjórnendur** bera ábyrgð á störfum þeirra. **Þreyttir** og **veikir** starfsmenn slasast og valda slysum, því þarf að virða **hvíldartíma**. Þeir sem eru undir áhrifum **áfengis** eða annarra **vímuefna** eru hættulegir sjálfum sér og öðrum. Huga þarf að því að starfsmenn hafi **andlega og líkamlega getu** til að ráða við vinnuna. Vinnuslys eru algeng fyrir og eftir **orlof** t.d. páskafrí og sumarfrí.

Núll-slysastefna


Mörg fyrirtæki hafa sett sér núll-slysastefnu. Þá stefna þau markvist að því að koma í veg fyrir öll vinnuslys. Starfsemi, búnaður og allt skipulag gengur þá út frá því að starfsmenn séu fullkomlega öruggir og aldrei sé tekin minnsta áhætta varðandi líf og heilsu fólks. Núll-slysastefna er ekki gagnslaus þótt það verði slys. Fyrirtækin fara þá yfir hvað brást, læra af því og grípa til úrbóta. Fyrirtækin halda svo áfram að gera sitt besta og stefna enn að því að það verði ekki nein slys. Meginmarkmið núll-slysastefnu er að fá starfsmenn til að trúá því að hægt sé að koma í veg fyrir öll slys. Núll-slysastefna er hluti af góðri öryggismenningu.

Slysin gera boð á undan sér

Sumir álíta að vinnuslys eigi sér stað vegna óheppni eða vilja æðri máttarvalda og starfsmenn geti því lítið gert til að koma í veg fyrir þau. Svona viðhorf eru á misskilningi byggð og leggja ekki grunn að framförum. Sýnt hefur verið fram á að með markvissum forvörnum og vinnuverndarstarfi má koma í veg fyrir öll vinnuslys.

Slysa- og óhappapíramídið sýnir að oftast gera vinnuslys boð á undan sér. Fjöldi næstum slysa og óhappa hefur oftast átt sér stað þegar slys verður en starfsmenn hafa ekki veitt því eftirtekt. Til að koma í veg fyrir alvarleg slys verður að fylgjast með, skrá og læra af næstum slysum og óhöppum.

Slysa- og óhappapíramídið



Slysaskrá Vinnueftirlitsins er opin öllum

Tölur um vinnuslys eru ekki bara tölur á blaði. Hvert vinnuslys snertir ekki eingöngu þann slasaða heldur fjölskyldu hans, vini, fyrirtækið og samfélagið allt. Vinnuslys á Íslandi hafa verið algengust í þremur starfsgreinum byggingariðnaði, fiskvinnslu og flutningastarfssemi.

Í ársskýrslum Vinnueftirlitsins má finna ýmsar upplýsingar um vinnuslys. Slysaskrá Vinnueftirlitsins er opin öllum á vefslóðinni;

<http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/is/vinnuslys/>

Í slysaskránni má fá ítarlegar upplýsingar um vinnuslys, t.d. er hægt að skoða fjölda vinnuslysa eftir árum, atvinnugreinum, kyni, aldri og orsök.

Hvaða vinnuslys á að tilkynna Vinnueftirlitinu?

Atvinnurekandi skal tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Atvinnurekandi skal svo innan viku tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins á eyðublaði eins og sést hér að neðan.

Af hverju er mikilvægt að tilkynna

Vinnueftirlitið heldur skrá um tilkynningarskyld vinnuslys og rannsakar orsakir vinnuslysa til að koma í veg fyrir að slys endurtaki sig. Grundvöllur þess að Vinnueftirlitið bregðist við er að atvinnurekendur tilkynni vinnuslys samviskusamlega.

Tilkynning um vinnuslys

A. Nafn fyrirtækis (Nafn eigna fyrirtækis, Nafn leigufyrirtækis, Nafn Vinnueftirlitsins) | **Stærð fyrirtækis** (Lítil, Miðstær, Stór)

B. Nafn eigna (Nafn eigna fyrirtækis, Nafn leigufyrirtækis, Nafn Vinnueftirlitsins) | **Stærð fyrirtækis** (Lítil, Miðstær, Stór)

C. Tilkynningarskyld vinnuslys (Tilkynningarskyld vinnuslys, Tilkynningarskyld vinnuslys, Tilkynningarskyld vinnuslys)

D. Lýsing á slysinu (Lýsing á slysinu, Lýsing á slysinu, Lýsing á slysinu)

Dæmi

Starfsmaður slasast í vinnu og er frá vinnu það sem eftir er dagsins. Hann kemur heldur ekki til vinnu daginn eftir. Tilkynna skal slysið til Vinnueftirlitsins.

Slasaði, atvinnurekandi og Vinnueftirlitið eiga að fá afrit af tilkynningu um vinnuslys.

Eyðublaðið má sækja á heimasíðu Vinnueftirlitsins:

http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/eydublod/tilkynning_um_vinnuslys.pdf

Skráning vinnuslysa, óhappa og næstum slysa

Auk þess að halda skrá um tilkynningarskyld vinnuslys skal atvinnurekandi einnig halda skrá um smáslys s.s. rispur. Þá skal hann skrá óhöpp sem valda eignatjóni eða rekstrartruflunum. Einnig skal halda skrá um næstum slys.

Skráning slysa, óhappa og næstum slysa er grundvöllur þess að koma í veg fyrir frekari óhöpp og alvarleg slys. Skrána á að nota í innra vinnuverndarstarfi fyrirtækja. Það á ekki að tilkynna smáslys, óhöpp og næstum slys til Vinnueftirlitsins.

Dæmi

Tilkynningarskyld vinnuslys	Ekki tilkynningarskyld vinnuslys	Óhapp, eignatjón eða rekstrartruflun	Næstum slys
Fótbrot			
	Skráma		
		Slitin stroffa	
			Rann til í hálfu

Hvernig á að skrá smáslys, óhöpp og næstum slys?

Skráning þarf að vera eins einföld og aðgengileg fyrir starfsmenn og hægt er. Það er mikilvægt að allir starfsmenn tilkynni það sem þeir lenda í eða verða vitni að. Það má t.d. gera í tölvu eða með því að fylla út einfalt eyðublað og setja í viðeigandi kassa. Taka þarf tillit til þess að færni starfsmanna er misjöfn. Stjórnendur þurfa að vera tilbúnir að taka við munnlegum tilkynningum og skrá þær í samvinnu við þann sem tilkynnir. Starfsmenn þurfa líka að hvetja hvern annan, hjálpa og minna á að skrá. Nauðsynlegt er að kynna óhappaskráninguna fyrir öllum nýliðum og þjálfra alla starfsmenn í að tilkynna.

Það er hlutverk öryggisnefnda og stjórnenda á vinnustaðnum að fara reglulega yfir óhappaskrána, a.m.k. árlega og grípa til aðgerða og úrbóta.

Hvernig á eyðublað um óhappaskráningu að vera?

Mikilvægt er að eyðublaðið sé einfalt og auðskiljanlegt. Hver vinnustaður verður að búa til form fyrir sínar aðstæður og þarfir. Allir geta fengið dæmi um svona form hjá Vinnueftirlitinu með því að senda tölvupóst á vinnueftirlit@ver.is

Til umhugsunar!

1. Ert þú góð fyrirmynd með hegðun þinni á vinnustaðnum?
2. Er umgengni og þrif í lagi á vinnustaðnum?
3. Fá allir nýliðar markvissa þjálfun og fræðslu um vinnuverndarmál?
4. Eru forvarnir og öryggismál rædd á vinnustaðnum?
5. Eru öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir virkir á vinnustaðnum?
6. Er búið að gera áhættumat á vinnustaðnum?
7. Er hættu á vinnuslysum vegna samskipta- eða tungumálaörðugleika?
8. Eru til og notaðar viðeigandi persónuhlífar?
9. Hafa starfsmenn réttindi á vélar og tæki, t.d. lyftarapróf?
10. Eru allir vélarhlutar sem hreyfast varðir með hlífum?
11. Er vélum og tækjum læst við þrif og viðhald?
12. Eru notaðar viðeigandi hálkuvarnir?
13. Er hættulegum efnum markvisst skipt út fyrir skaðlaus efni?
14. Eru göngu- og akstursleiðir aðskildar og merktar?
15. Er til sérstakt áhættumat fyrir hættuleg verk, t.d. vinnu í lokuðu rými?
16. Eru viðeigandi fallvarnir notaðar við vinnu í hæð?
17. Eru öll vinnuslys skráð?
18. Eru öll óhöpp og næstum slys skráð?
19. Eru öll tilkynningarskyld vinnuslys tilkynnt til Vinnueftirlitsins?
20. Hefur vinnustaðurinn núll-slystefnu?
21. Er fyrirtækið til fyrirmynda í vinnuverndarmálum?



VINNUEFTIRLITIÐ

Gefið út af Vinnueftirlitinu 2013
ISBN-13 978-9979-863-56-4